

# Leiðbeiningar um skattskyldu íþróttastarfsemi

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>TEKJUSKATTUR AF ÍPRÓTTASTARFSEMI</b>	<b>2</b>
2.1	ÍPRÓTTAFÉLÖG	2
2.2	ATVINNUFYRIRTÆKI	2
2.3	FJÁRMAGNSTEKJUSKATTUR	2
2.3.1	Íþróttafélög	2
2.3.2	Atvinnufyrirtæki	2
<b>3</b>	<b>ÍPRÓTTASTARFSEMI – UNÐANÞEGIN VIRÐISAUKASKATTI</b>	<b>2</b>
3.1	AFMÖRKUN HUGTAKSINS ÍPRÓTTASTARFSEMI	2
3.2	UNÐANÞÁGUÁKVÆÐI LAGA NR. 50/1988	3
3.2.1	5 tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 – íþróttastarfsemi	3
3.2.2	Starfsemi sem telst ekki til undanþeginnar íþróttastarfsemi	4
3.2.3	3. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 – kennsla	5
<b>4</b>	<b>VIRÐISAUKASKATTSSKYLD STARFSEMI ÍPRÓTTAFÉLAGA</b>	<b>5</b>
4.1	ALMENNT	5
4.2	AUGLÝSINGASALA OG ÚTGÁFUSTARFSEMI	5
4.2.1	Auglýsingar um eigin starfsemi	6
4.2.2	Styrktarlínur	6
4.3	REKSTUR VERSLUNAR OG VEITINGASALA	6
4.4	LAUSAFJÁRLEIGA	6
4.5	ÚTLEIGA ÍPRÓTTA HÚSA OG ANNARRAR AÐSTÖÐU ÍPRÓTTAFÉLAGA TIL ANNARRAR NOTKUNAR EN ÍPRÓTTAÐKUNAR	7
4.6	AÐFÖNG ER VARÐA ÍPRÓTTASTARFSEMI ÍPRÓTTAFÉLAGA - INNSKATTUR	7
4.6.1	Sérreglur um innskatt vegna blandaðrar starfsemi	7
<b>5</b>	<b>SKRÁNING Á VIRÐISAUKASKATTSSKRÁ</b>	<b>7</b>
5.1	FJÁRHÆÐARMÖRK	8
5.2	TEKJUR HÆRRI EN KOSTNAÐUR SEM SKILYRÐI SKRÁNINGAR	8
<b>6</b>	<b>VIRÐISAUKASKATTUR AF SKATTSKYLDRI EIGIN ÞJÓNUSTU</b>	<b>8</b>
<b>7</b>	<b>FRAMTAL OG SKIL Á VIRÐISAUKASKATTI</b>	<b>8</b>
<b>8</b>	<b>SÉRSTAKAR ENDURGREIÐSLUR VIRÐISAUKASKATTS</b>	<b>9</b>
8.1	MANNVIRKI, ALFARIÐ Í EIGU ÍPRÓTTAFÉLAGA	9
8.2	ÍBÚÐARHÚSNÆÐI	9
<b>9</b>	<b>STAÐGREIÐSLA OPINBERRA GJALDA</b>	<b>9</b>
9.1	ÝMSAR GREIÐSLUR TIL LEIKMANNA OG ÞJÁLFA – BÓNUSGREIÐSLUR O.FL.	9
<b>10</b>	<b>LAUNAMÍÐASKIL</b>	<b>10</b>
<b>11</b>	<b>TRYGGINGAGJALD</b>	<b>10</b>
<b>12</b>	<b>SKATTSKYLDA ÍPRÓTTAMANNA OG ÞJÁLFA</b>	<b>11</b>
12.1	GREIÐSLUR TIL ÍPRÓTTAMANNA OG ÞJÁLFA	11
12.1.1	Íþróttamenn eru launþegar	11

12.1.2	Ólík skattaleg staða launþega og verktaka.....	11
12.1.3	Verðlaun til íþróttamanna og félaga .....	12
12.2	SKATTSKYLDA ERLENDRA ÍÞRÓTTAMANNA .....	12
12.2.1	Launþegi.....	12
12.2.2	Verktaki.....	12
<b>13</b>	<b>TEKJUSKRÁNING OG BÓKHALD .....</b>	<b>13</b>
13.1	TEKJUSKRÁNING .....	13
13.2	ÚTGÁFA SÖLUREIKNINGA.....	13
13.3	BÓKHALD OG ÁRSREIKNINGAR .....	13
13.4	AÐALSTJÓRNENDUR ÍÞRÓTTAFÉLAGA BERA ÁBYRGÐ.....	13
<b>14</b>	<b>GJAFIR - ALMANNAHEILLASKRÁ, SKATTAFRÁDRÁTTUR .....</b>	<b>13</b>
14.1	FJÁRHÆÐIR FRÁDRÁTTAR.....	14
14.2	KVITTANIR VEGNA MÓTTÖKU OG SKIL TIL SKATTSINS.....	14
14.3	MÓTTAKANDI ÞARF AÐ VERA SKRÁÐUR Á ALMANNAHEILLASKRÁ.....	14
<b>15</b>	<b>SJÁLFSTÆÐI EINSTAKRA DEILDA INNAN ÍÞRÓTTAFÉLAGA.....</b>	<b>14</b>
15.1	VIRÐISAUKASKATTSSKIL FÉLAGSINS Í HEILD FARA FRAM Í NAFNI FÉLAGS EN EKKI EINSTAKRAR DEILDAR.....	15
15.2	SKIL Á STAÐGREIÐSLU OG TRYGGINGAGJALDI FARA FRAM Í NAFNI FÉLAGS EN EKKI EINSTAKRAR DEILDAR.....	15
<b>16</b>	<b>ÁBYRGÐ ÍÞRÓTTAFÉLAGA OG STJÓRNENDA ÞEIRRA.....</b>	<b>15</b>
16.1	RAUNVERULEGUR EIGANDI ÍÞRÓTTAFÉLAGS .....	15

# 1 Inngangur

Í leiðbeiningum þessum er megináherslan á að skýra helstu reglur sem gilda um skattaleg réttindi og skyldur þeirra aðila sem hafa með höndum íþróttastarfsemi. Einnig er fjallað til að mynda um skattalega hvata til handa þeim sem inna af hendi gjafir til íþróttafélaga o.fl. Þessar reglur er m.a. að finna í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, reglugerð nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, reglugerð nr. 192/1993, um innskatt og lögum nr. 145/1994, um bókhald. Þess ber þó að geta að enda þótt að í leiðbeiningum þessum sé almennt vísað til íþróttafélaga þá afmarkast umfjöllunin ekki eingöngu við slík félög og þá einstaklinga sem vinna við íþróttastarfsemi á vegum þeirra heldur geta atvinnufyrirtæki sem og aðrir aðilar, til að mynda opinberir aðilar, einnig fallið undir þær reglur sem hér er farið yfir, hafi slíkir aðilar með höndum íþróttastarfsemi í skilningi laga nr. 50/1988.

Leiðbeiningar þessar voru upphaflega gefnar út 2004 og unnar í góðu samstarfi við Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands. Þær voru fyrst endurútgefnar 2013 og eru nú endurútgefnar að nýju.

Reykjavík, febrúar 2024  
Ríkisskattstjóri

## 2 Tekjuskattur af íþróttastarfsemi

### 2.1 Íþróttafélög

Með íþróttta- og ungmennafélagi er hér átt við félag sem hefur íþróttir á stefnuskrá sinni og hefur fengið aðgang að íþróttahreyfingunni með aðild að héraðssambandi eða íþróttabandalagi, sbr. 2. gr. laga Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Íþróttastarfsemi telst almennt vera almannaheillastarfsemi í skilningi 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003.

Íþróttafélag telst undanþegið tekjuskatti að því gefnu að það verji hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafi það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum, sbr. 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003. Þessi undanþága frá tekjuskatti getur náð til félags í atvinnurekstri, t.d. einkahlutafélags, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Meðal skilyrða er að félagið verji hagnaði sínum eingöngu til þeirrar almannaheillastarfsemi sem íþróttafélag sinnir. Kveða verður á um hinn ófjárhagslega tilgang í samþykktum félagsins og girðir það fyrir t.d. arðgreiðslu til eigenda. Öllum hagnaði þarf þannig að verja til almannaheilla. Tekin er afstaða til beiðni um undanþágu frá tekjuskatti slíkra félaga í kjölfar árlegra framtalsskila þeirra.

### 2.2 Atvinnufyrirtæki

Atvinnufyrirtæki sem hefur með höndum íþróttastarfsemi og telst ekki vera íþróttafélag skv. framangreindu, greiðir fullan tekjuskatt af tekjum sínum eftir almennum reglum þess efnis, nema með þeirri undantekningu sem getið er í kafla 2.1.

Nánari upplýsingar um [tekjuskatt atvinnufyrirtækja](#).

### 2.3 Fjármagnstekjuskattur

#### 2.3.1 Íþróttafélög

Íþróttafélag sem ekki telst tekjuskattsskyldt greiðir fjármagnstekjuskatt og sætir innheimtu í staðgreiðslu vegna vaxtatekna og arðstekna. Því ber og að greiða fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði af hlutabréfum ef um það er að ræða. Undanskilin greiðslu fjármagnstekjuskatts eru þau íþróttafélög sem eru skráð á almannaheillaskrá Skattsins.

#### 2.3.2 Atvinnufyrirtæki

Atvinnufyrirtæki sem hefur með höndum íþróttastarfsemi og telst ekki vera íþróttafélag, greiðir fullan fjármagnstekjuskatt eftir almennum reglum þar um. Atvinnufyrirtækjum heimilast ekki skráning á almannaheillaskrá Skattsins.

Nánari upplýsingar um [fjármagnstekjuskatt](#).

## 3 Íþróttastarfsemi – undanþegin virðisaukaskatti

### 3.1 Afmörkun hugtaksins íþróttastarfsemi

Með íþrótt er átt við hvers konar líkamlega þjálfun með iðkun íþróttagreinar sem stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti líkt og hugtakið íþrótt er skilgreint í íþróttalögum. Undanþágan frá virðisaukaskattsskyldu tekur til íþróttar, hvort sem tilgangur þjálfunarinnar er keppni eða afrek eða stefnt er aðallega að heilsurækt eða dægradvöl.

## 3.2 Undanþáguákvæði laga nr. 50/1988

### 3.2.1 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 – íþróttastarfsemi

Samkvæmt undanþáguákvæði 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er íþróttastarfsemi undanþegin virðisaukaskatti og tekur hún til eftirtalinnar starfsemi:

- Skipulagðrar íþróttastarfsemi.
- Aðgangseyris að íþróttamótum, íþróttakappleikjum og íþróttasýningum.
- Aðgangseyris og annarra þóknana fyrir afnot af íþróttamannvirkjum til íþróttaiðkunar, svo sem íþróttasölum, íþróttavöllum, sundlaugum og skíðalyftum ásamt íþróttabúnaði mannvirkjanna.
- Aðgangseyris að líkamsræktarstöðvum.

#### 3.2.1.1 Skipulögð íþróttastarfsemi - æfingagjöld

Skipulögð íþróttastarfsemi er undanþegin virðisaukaskatti en í því felst að æfingagjöld eða félagsgjöld iðkenda sem innt eru af hendi til íþróttafélaga og annarra félagasamtaka bera ekki virðisaukaskatt. Starfsemi innan Skáksambands Íslands og Bridgesambands Íslands fellur einnig undir undanþáguna sem og íþróttanámskeið, t.d. reiðnámskeið.

##### 3.2.1.1.1 Raffíþróttir

Við mat á því hvort að raffíþróttir teljist til undanþeginnar íþróttastarfsemi í skilningi 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er það gert að skilyrði að um sé að ræða iðkun tölvuleikja í skipulögðu starfi, þ.e. að:

- Starfið sé stundað í hóp.
- Líkamleg hreyfing sé hluti af starfinu.
- Fræðsla um mikilvægi næringu, svefnis og heilbrigðs lífstíls sé hluti af starfinu.
- Hugað sé að andlegri þrautseigju iðkenda.

Séu framangreind skilyrði ekki uppfyllt, telst starfsemin ekki vera íþrótt í skilningi framangreinds undanþáguákvæðis og ber því að innheimta virðisaukaskatt af hinni seldu þjónustu.

##### 3.2.1.1.2 Kennsla og þjálfun

Kennsla og þjálfun í íþróttum hefur verið talin þáttur í íþróttastarfsemi og þar með undanþegin virðisaukaskatti. Undanþágan hefur til að mynda verið talin taka til einkaþjálfara á líkamsræktarstöðvum. Fjarkennsla í íþróttum yfir internetið getur fallið undir undanþáguna ef í kennslunni felast viðvarandi samskipti milli iðkanda og kennara þar sem fylgst er með framvindu þjálfunarinnar. Af því leiðir að aðgangur að vefsíðu, þar sem eingöngu er til að mynda að finna æfingaáætlanir og myndbönd, telst ekki til þjálfunar í framangreindum skilningi enda felur þjónustan hvorki í sér bein og viðvarandi samskipti milli iðkanda og þjálfara né í framfylgni þess síðarnefnda með framvindu þjálfunarinnar. Slík þjónusta telst því virðisaukaskattsskyld.

#### 3.2.1.2 Aðgangseyrir að íþróttamótum o.fl.

Aðgangseyrir að íþróttamótum, íþróttakappleikjum og íþróttasýningum er undanþegin virðisaukaskatti. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að hvers konar veitingar eða nokkur önnur vara sem innifalin er í kaupum á ársmiðum bera virðisaukaskatt enda tekur undanþágan ekki til vörusölu.

### *3.2.1.3 Aðgangseyrir og aðrar þóknanir fyrir afnot af íþróttamannvirki*

Aðgangseyrir og aðrar þóknanir fyrir afnot af íþróttamannvirkjum til íþróttaiðkunar, svo sem íþróttasölum, íþróttavöllum, sundlaugum og skíðalyftum ásamt íþróttabúnaði mannvirkjanna er undanþeginn virðisaukaskatti. Undanþágan tekur til allrar sölu á aðstöðu til æfinga og iðkunar íþróttá samkvæmt framangreindri skilgreiningu á hugtakinu íþrótt, án tillits til þess hverjir reka slíka starfsemi, sé um íþróttamannvirki að ræða. Atvinnufyrirtæki sitja því við sama borð og íþróttafélög hvað þetta varðar, eins og fram hefur komið í kafla 1. Til að mynda telst aðgangseyrir að keilubraut og snókerborði undanþeginn virðisaukaskatti en hafa ber þó í huga af þessu tilefni að það er skilyrði fyrir undanþágu að um sé að ræða afnot af íþróttamannvirki ásamt búnaði þess en ekki mannvirki til annarra nota, sjá umfjöllun í kafla 3.2.2.2. Í þessu sambandi er aðgreining íþróttamannvirkja frá mannvirkjum til annars konar nota með sama hætti og aðgreining við lögboðna skráningu og mat fasteigna og við ákvörðun fasteignaskatts og er litið til raunverulegra afnota af viðkomandi mannvirki hverju sinni.

Um útleigu félags á aðstöðu til annarrar notkunar en íþróttaiðkunar vísast til kafla 4.5.

Aðgangseyrir að afþreyingaraðstöðu í leikjasölum er virðisaukaskattsskyldur. Með leikjasölum er í þessu sambandi til dæmis átt við aðstöðu þar sem hægt er að fara í svokallaðan litbolta, lasertag og hoppa á trampólínum. Sjá nánar í kafla 3.2.2.2.

### *3.2.1.4 Aðgangseyrir að líkamsræktarstöð*

Aðgangseyrir að líkamsræktarstöð er undanþeginn virðisaukaskatti. Hér fellur undir aðgangur að líkamsræktartækjum, sturtu, nuddpotti og gufubaði. Eftirfarandi sala líkamsræktarstöðvar er þó m.a. virðisaukaskattsskyld:

- Nuddþjónusta, og skiptir ekki máli þótt hún sé veitt í tengslum við starfsemi líkamsræktarstöðvar. Þjónusta löggiltra sjúkranuddara er þó undanþegin virðisaukaskatti sem heilbrigðisstarfsemi, sbr. ákvæði 1. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988.
- Snyrtimeðferð.
- Aðgangseyrir að trimmformtækjum.
- Aðgangseyrir að ljósabekkjum, hvort sem sú þjónusta er seld sérstaklega eða ekki.
- Sala líkamsræktarstöðva á íþróttavörum, drykkjum, fæðubótarefnum, snyrtivörum og öðrum vörum er virðisaukaskattsskyld.

Þá er skattsskyldur aðgangur að baðaðstöðu, nuddpotti, gufubaði og þess háttar, annars staðar en í hefðbundnum íþróttamannvirkjum, sundlaugum eða líkamsræktarstöðvum.

## *3.2.2 Starfsemi sem telst ekki til undanþeginnar íþróttastarfsemi*

Eftirtalin starfsemi verður ekki talin til undanþeginnar íþróttastarfsemi í skilningi ákvæðis 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 en á engan hátt er um tæmandi upptalningu að ræða.

### *3.2.2.1 Starfsemi ferðafélaga o.fl.*

Skipulagðar útivistarferðir ferðafélaga og annarra sambærilegra aðila verða ekki felldar undir undanþáguákvæði 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 sem skipulögð íþróttastarfsemi. Má í þessu sambandi nefna göngu-, fjórhjóla- sleða- og hestaferðir með

leiðsögn. Slík þjónusta telst til virðisaukaskattsskyldrar starfsemi og ber að innheimta 11% virðisaukaskatt af slíkri sölu.

### 3.2.2.2 Íþrótt stunduð í afþreyingarskyni

Greiðsla fyrir iðkun íþróttar sem er stunduð í afþreyingarskyni í tengslum við atvinnustarfsemi, svo sem veitingastarfsemi, verður ekki felld undir undanþáguákvæðið sé um að ræða mannvirki til annarra nota en til iðkunar íþróttar. Þannig verður til að mynda aðgangur að minigolfbrautum eða golfhermi inni á veitingastað ekki felldur undir undanþáguákvæði laga nr. 50/1988 og ber því að innheimta virðisaukaskatt af slíkri þjónustu. Sjá nánar í kafla 3.2.1.3.

### 3.2.3 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 – kennsla

Kennslustarfsemi er undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Ákveðin skörun kann að vera milli íþróttastarfsemi annars vegar og kennslustarfsemi hins vegar vegna ýmissar þjónustu. Má í því sambandi nefna til að mynda íþróttá- og leikjanámskeið, sbr. umfjöllun í kafla 3.2.1.1, um þau fyrrnefndu. Ýmsir aðilar, svo sem íþróttafélög og opinberir aðilar, halda svokölluð leikjanámskeið fyrir börn og unglinga. Kennsluundánþágan tekur til þessara námskeiða og ber því ekki að innheimta virðisaukaskatt af þátttökugjöldum. Til námskeiða af þessum toga má nefna reiðnámskeið. Einnig eru námskeið fyrir tamningamenn undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli sama ákvæðis ef náminu er ætlað að bæta eða viðhalda þekkingu vegna atvinnu þátttakenda. Tamning hesta er þó starfsemi sem hvorki er skilgreind sem íþróttastarfsemi né kennslustarfsemi í skilningi framangreindra ákvæða og er hún því virðisaukaskattsskyld. Þess ber að geta að danskennsla er undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 en þar er danskennsla sérstaklega felld undir ákvæðið.

## 4 Virðisaukaskattsskyld starfsemi íþróttafélaga

### 4.1 Almenn

Þrátt fyrir að íþróttafélag sé undanþegið virðisaukaskatti vegna íþróttastarfsemi sinnar er það virðisaukaskattsskyldt ef það selur vörur eða virðisaukaskattsskylda þjónustu í atvinnuskyni eða í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Í kafla 5 er fjallað um skráningu á virðisaukaskattsskrá, þar á meðal um fjárhæðarmörk skráningarskyldu.

Ekki ræður úrslitum um það hvort innheimta beri virðisaukaskatt hver kaupandi vöru eða virðisaukaskattsskyldrar þjónustu er. Svo dæmi sé tekið ber íþróttafélagi að innheimta virðisaukaskatt vegna sölu á auglýsingu hvort sem kaupandi hennar er í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, t.d. sendibílastöð, eða undanþeginni starfsemi, svo sem banki.

### 4.2 Auglýsingasala og útgáfustarfsemi

Sala á auglýsingum, þ.m.t. á grundvelli svokallaðra „samstarfssamninga“, er virðisaukaskattsskyld starfsemi. Innheimta ber og skila virðisaukaskatti af allri auglýsingasölu íþróttafélags, t.d. sölu á auglýsingastæðum, sölu á auglýsingum á keppnisbúninga og sölu auglýsinga eða styrktarlína í leikskrár og félagsblöð, þ.e. fari heildartekjur félags af virðisaukaskattsskyldri starfsemi yfir 2.000.000 kr., sbr. kafla 5.1. Eins og þar kemur fram skal við mat á því hvort sala íþróttafélags nái fjárhæðarmarkinu miða við heildarsölu allra deilda félagsins á öllum vörum og virðisaukaskattsskyldri



þjónustu, þ.e. taka þer saman tekjur vegna allrar virðisaukaskattsskyldrar sölu, t.d. veitingasölu og auglýsingasölu. Þá ber að hafa í huga að ef auglýsingasalan í heild skilar félaginu hagnaði skiptir ekki máli þó að einstakir þættir auglýsingastarfseminnar (t.d. sala á auglýsingum og styrktarlínum í leikskrá) standi ekki undir kostnaði.

#### 4.2.1 *Auglýsingar um eigin starfsemi*

Íþróttafélag sem gefur út rit með auglýsingum og auglýsir eigin starfsemi í ritinu ber að reikna og skila virðisaukaskatti af verðmæti slíkra auglýsinga sem þar eru birtar. Til virðisaukaskattsskyldrar veltu aðila sem hefur með höndum íþróttastarfsemi telst því ekki eingöngu sala á vöru og þjónustu heldur einnig andvirði vöru og þjónustu sem það notar í eigin þágu, sbr. kafla 6. Til auglýsinga um eigin íþróttastarfsemi teljast t.d. auglýsingar um væntanlega íþróttaviðburði eða kynning á knattspyrnuskóla íþróttafélags. Hins vegar teljast birtingar íþróttafélags á úrslitum leikja, umfjöllun um mót sem haldin hafa verið eða viðtöl við leikmenn ekki auglýsingar í þessu sambandi.

#### 4.2.2 *Styrktarlínur*

Eins og fram kemur í kafla 4.1 ræður ekki úrslitum um virðisaukaskattsskyldu hver kaupandi auglýsingar eða styrktarlínu er. Í undantekningartilfellum felur fjárframlag aðila, sem hvorki stundar atvinnustarfsemi né hefur hag af því að koma sér á framfæri, til að mynda sveitarfélags, ríkisstofnunar, einstaklings eða félags, ekki í sér virðisaukaskattsskyldar tekjur í hendi íþróttafélagsins, einkum og sér í lagi ef framlagið felur ekki í sér birtingu á nafni greiðanda sem auglýsingu eða kynningu heldur eingöngu gerð í þakklætis- eða virðingarskyni við þann sem reiðir fram fé. Fjárframlög sem innt eru af hendi til íþróttafélaga, án sérstakrar kvaðar um birtingu auglýsinga, eru heldur ekki virðisaukaskattsskyld. Birti íþróttafélag hins vegar auglýsingu með nafni styrkveitanda sem hefur með höndum atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni og innir fjárframlag af hendi, ber að reikna og skila virðisaukaskatti af birtingu auglýsingarinnar á verði sem samsvarar verði annarra sambærilegra auglýsinga.

### 4.3 *Rekstur verslunar og veitingasala*

Rekstur verslunar með hvers konar vöru er virðisaukaskattsskyld starfsemi samkvæmt meginreglum laga nr. 50/1988, en nánari upplýsingar varðandi skilyrði skráningar á virðisaukaskattsskrá er að finna í kafla 5. Öll sala í verslun skal því bera virðisaukaskatt og í því sambandi skiptir ekki máli með hvaða hætti félagið eignaðist söluvöru, til að mynda sem greiðslu fyrir auglýsingar. Íþróttafélagið getur, eins og fram hefur komið, talið til innskatts greiddan virðisaukaskatt af vörum sem það kaupir til endursölu (þ.m.t. minjagripum og íþróttabúningum) og öðrum aðföngum er eingöngu varða rekstur verslunar. Sömu sjónarmið gilda um vörusölu á vegum íþróttafélaga í heimahúsum o.þ.h. Þá er hvers konar veitingasala fyrir reikning og á ábyrgð íþróttafélaganna sjálfra virðisaukaskattsskyld starfsemi.

### 4.4 *Lausafjárleiga*

Lausafjárleiga er virðisaukaskattsskyld, einnig þótt hún tengist íþróttastarfsemi félagsins, ef um er að ræða leigu á íþróttabúnaði eða annarskonar búnaði sem ekki er í beinum tengslum við útleigu á íþróttamannvirki.

#### 4.5 Útleiga íþróttahúsa og annarrar aðstöðu íþróttafélaga til annarrar notkunar en íþróttaiðkunar

Útleiga félags á aðstöðu til annarrar notkunar en íþróttaiðkunar, svo sem í íþróttasal félags, fyrir ráðstefnur, sýningar og tónleika, er virðisaukaskattsskyld. Enginn innskattsréttur er þó til staðar vegna reksturs aðstöðunnar þrátt fyrir virðisaukaskattsskylda útleigu, sbr. nánar í kafla 4.6.1.

#### 4.6 Aðföng er varða íþróttastarfsemi íþróttafélaga - innskattur

Íþróttafélag getur ekki, frekar en aðrir aðilar sem eru í undanþeginni starfsemi, talið til innskatts virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu eða öðrum aðföngum varði kaupin hina eiginlegu íþróttastarfsemi félagsins. Íþróttafélag greiðir því þann virðisaukaskatt sem hvílir á aðkeyptum aðföngum vegna íþróttastarfseminnar án þess að geta talið hann til innskatts. Hins vegar nýtur íþróttafélag innskattsfrádráttar af virðisaukaskattsskyldum þáttum starfsemi sinnar samkvæmt almennum reglum þar um. Félagið telst því í svokallaðri blandaðri starfsemi sé það bæði í undanþeginni og virðisaukaskattsskyldri starfsemi.

##### 4.6.1 Sérreglur um innskatt vegna blandaðrar starfsemi

Íþróttafélag getur einungis talið til innskatts virðisaukaskatt vegna aðfanga og rekstrarfjármuna sem keyptir eru til nota eða endursölu eingöngu vegna hins virðisaukaskattsskylda þáttar í rekstri félagsins, t.d. reksturs verslunar. Íþróttafélagi er því óheimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum sem nýtt eru hvoru tveggja í undanþegna starfsemi og hina virðisaukaskattsskyldu starfsemi. Það sama á við um innskatt af virðisaukaskattsskyldum eigin notum íþróttafélaga. Sem dæmi um þetta má nefna að skautafélag getur ekki talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem það greiðir vegna kaupa á búnaði sem félagið lætur jafnt félagsmönnum sínum í té án endurgjalds sem og til virðisaukaskattsskyldrar útleigu búnaðarins.

Þegar um blandaða starfsemi er að ræða þarf aðili í bókhaldi sínu og á sölureikningum að aðgreina með skýrum hætti þær tekjur sem hann hefur vegna hvorrar starfsemi um sig, þ.e. hinnar virðisaukaskattsskyldu annars vegar og undanþeginnar hins vegar.

Um sérstakar endurgreiðslur virðisaukaskatts til handa íþróttafélögum vísast til kafla 8.

## 5 Skráning á virðisaukaskattsskrá

Þeir sem stunda starfsemi sem nýtur undanþágu frá virðisaukaskattsskyldu, sbr. kafli 3, eru ekki skráningarskyldir á virðisaukaskattsskrá. Þeir innheimta því ekki virðisaukaskatt af sölu sinni í þeirri starfsemi (útskatt) og geta ekki fengið frádrægin virðisaukaskatt vegna kaupa á aðföngum til starfseminnar (innskatt). Hafi íþróttafélag því eingöngu með höndum undanþegna íþróttastarfsemi, sbr. kafli 3, ber félaginu ekki að tilkynna sig til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum. Hafi íþróttafélag hins vegar virðisaukaskattsskylda starfsemi með höndum, sbr. kafli 4, ber því ótilkvöddu að tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá Skattinum eigi síðar en átta dögum áður en starfsemin hefst. Íþróttafélag er virðisaukaskattsskyldt vegna sölu sinnar á vörum og virðisaukaskattsskyldri þjónustu sem fram fer í atvinnuskyni enda þótt það selji aðeins félagsmönnum sínum. Frá og með þeim degi sem íþróttafélag er skráð á virðisaukaskattsskrá ber því að innheimta virðisaukaskatt vegna virðisaukaskattsskyldrar sölu sinnar.

Nánari upplýsingar um [tilkynningu til Skattsins, þ.e. skráningu á virðisaukaskattsskrá](#).

### 5.1 Fjárhæðarmörk

Íþróttafélagi ber ekki að skrá sig á virðisaukaskattsskrá ef samanlagðar tekjur af sölu vöru og virðisaukaskattsskyldrar þjónustu eru lægri en 2.000.000 kr. án virðisaukaskatts á hverju 12 mánaða tímabili. Hér er þó um valkvæða skráningu að ræða og er aðila með veltu undir fjárhæðarmörkunum heimilt að tilkynna sig til skráningar á virðisaukaskattsskrá með þeim réttindum og skyldum sem slíkri skráningu fylgja. Þegar fyrirséð er að umræddu fjárhæðarmarki verði náð er félaginu skylt að tilkynna sig til skráningar á virðisaukaskattsskrá hjá Skattinum. Við mat á því hvort sala íþróttafélags náí fjárhæðarmarkinu skal miða við heildarsölu allra deilda félagsins á öllum vörum og virðisaukaskattsskyldri þjónustu, þ.e. taka ber saman tekjur vegna allrar virðisaukaskattsskyldrar sölu, t.d. veitingasölu og auglýsingasölu. Hins vegar skipta þær tekjur sem koma til vegna hins undanþegna hluta starfseminnar, þ.e. íþróttastarfseminnar, ekki máli í þessu sambandi. Við mat á því hvort fjárhæðarmarkinu sé náð ber einnig að taka tillit til virðisaukaskattsskyldrar eigin þjónustu, sbr. kafli 6.

### 5.2 Tekjur hærri en kostnaður sem skilyrði skráningar

Forsenda skráningar á virðisaukaskattsskrá er að tekjur séu hærri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti vegna hinnar virðisaukaskattsskyldu starfsemi. Þannig þarf íþróttafélag að vera rekið í hagnaðarskyni svo það verði skráð á virðisaukaskattsskrá. Við mat á því hvort félag sé rekið í hagnaðarskyni er aðallega horft til þess hvort tilgangur starfseminnar sé að skila hagnaði af rekstrinum.

## 6 Virðisaukaskattur af skattskyldri eigin þjónustu

Íþróttafélagi ber skylda til, eins og öðrum aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, að greiða virðisaukaskatt í ríkissjóð af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota eins og nánar er ákveðið í reglugerð nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana. Í 2. gr. reglugerðarinnar er tilgreining á þeirri starfsemi sem telst virðisaukaskattsskyld, að svo miklu leyti sem hún er í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

Starfsemi telst vera rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki samkvæmt reglugerðinni þegar viðkomandi vara eða þjónusta er almennt í boði hjá virðisaukaskattsskyldum atvinnufyrirtækjum og skiptir ekki máli í því sambandi hvort eða hve mikið aðili selur af slíkum vörum eða þjónustu til annarra. Almennt skrifstofuhald, þ.m.t. færsla eigin bókhalds og rafræn gagnavinnsla í eigin þágu, telst þó ekki vera í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

## 7 Framtal og skil á virðisaukaskatti

Virðisaukaskatt á að gera upp fyrir fyrirfram ákveðin uppgjörstímabil. Meginreglan er sú að hvert uppgjörstímabil taki til tveggja mánaða þ.e. janúar og febrúar, mars og apríl o.s.frv. en frá þeirri reglu eru undantekningar, sbr. t.d. reglur um ársskil. Skiladagur virðisaukaskattsskýrslu fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil og gjalddagi greiðslu innheimts virðisaukaskatts er ávallt sami dagur, þ.e. einum mánuði og fimm dögum eftir

að uppgjörstímabili lýkur. Skýrslu er skilað með rafrænum hætti á þjónustuvef Skattsins á [www.skattur.is](http://www.skattur.is).

Nánar um [framtal og skil á virðisaukaskatti](#).

## 8 Sérstakar endurgreiðslur virðisaukaskatts

### 8.1 Mannvirki, alfarið í eigu íþróttafélaga

Á tímabilinu 1. mars 2022 til 31. desember 2025 kann íþróttafélag að hafa heimild til endurgreiðslu 100% þess virðisaukaskatts sem það hefur greitt af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum, eða sérgreindum matshlutum þeirra, sem alfarið eru í eigu þeirra samkvæmt skráningu í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Mannvirki þarf að vera nýtt að yfirgnæfandi hluta í þágu meginstarfsemi félagsins samkvæmt samþykktum þess.

Það er skilyrði fyrir endurgreiðslu að íþróttafélag sé skráð í sérstaka almannaheillaskrá hjá Skattinum. Það er skilyrði fyrir skráningu að íþróttafélag hafi með höndum æskulýðs- og/eða menningarmálastarfsemi og stundi ekki atvinnu. Sjá nánar um [endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna almannaheillafélaga](#).

Sótt er um endurgreiðslu á [þjónustuvef Skattsins](#).

### 8.2 Íbúðarhúsnæði

Reglur um endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu manna á byggingarstað við endurbætur eða viðhald eða við nýbyggingu íbúðarhúsnæðis eiga við um íþróttafélag sé það eigandi þess íbúðarhúsnæðis sem beiðni um endurgreiðslu varðar eða ef íþróttafélag telst byggingaraðili í skilningi þeirra lagaákvæða sem kveða á um slíkar endurgreiðslur.

Sjá nánar um endurgreiðslur vegna [vinnu manna við íbúðarhúsnæði](#).

## 9 Staðgreiðsla opinberra gjalda

Staðgreiðsla samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, er fyrirfram innheimta á tekjuskatti og útsvari einstaklinga. Staðgreiðsla er innheimt af launum skattskyldra manna, innlendra og erlendra, sem eru skattskyldir hér á landi. Til launa teljast t.d. endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, svo sem starfslaun, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, ökutækjastyrkir, dagpeningar, flutningspeningar og aðrar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi. Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum. Með sama hætti teljast til staðgreiðsluskyldra launa hvers konar styrkir og bætur, verðlaun og heiðurslaun svo dæmi séu tekin. Þannig má segja að sérhverjar greiðslur sem einstaklingar fá sem launþegar séu staðgreiðsluskyldar nema þær séu sérstaklega undanþegar.

### 9.1 Ýmsar greiðslur til leikmanna og þjálfara – bónusgreiðslur o.fl.

Í sumum tilvikum innir íþróttafélag af hendi greiðslur undir ýmsum nöfnum til starfsmanna, þ.m.t. þjálfara og leikmanna. Nafngift slíkra greiðslna ræður ekki úrslitum

um staðgreiðsluskyldu eða skattskyldu greiðslanna. Til skatt- og staðgreiðsluskyldra greiðslna teljast t.d.:

- Bónusar og þóknanir til starfsmanna, þ.m.t. þjálfara og leikmanna fyrir unninn leik, skoruð mörk, o.þ.h. Til þessara þóknana teljast m.a. greiðslur sem leikmenn fá í hendur í lok keppnistímabils.
- Styrkir hvers konar, svo sem afreksstyrkir.
- Fríðindi hvers konar, svo sem vöruúttektir á kostnað íþróttafélaganna.
- Bifreiðastyrkir í hvers konar formi (t.d. með greiðslu eldsneytisreikninga, eldsneytiskorts eða annars rekstrarkostnaðar). Slíkir ökutækjastyrkir geta verið undanþegnir staðgreiðslu enda sé um að ræða styrki sem greiddir eru starfsmönnum vegna aksturs tiltekinnar vegalengdar í þágu launagreiðanda, að svo miklu leyti sem slík greiðsla er í samræmi við skattmatsreglur ríkisskattstjóra og að færð sé akstursdagbók eða akstursskýrsla.
- Húsnæðispeningar eða húsnæðisstyrkir, þ.m.t. greiðsla fyrir skrifstofuaðstöðu. Greiðsla húsaleigu beint til leigusala vegna starfsmanna, þ.m.t. þjálfara og leikmanna.
- Hvers konar kostnaður sem greiddur er fyrir eða vegna starfsmanna, þ.m.t. dómara, þjálfara og leikmanna, svo sem rafmagns- og hitakostnaður í íbúðum starfsmanna, símakostnaður, matarkort og áskriftargjöld af fjölmiðlum, viðgerðarkostnaður á bifreiðum o.fl.

Eins og fyrr segir hvílir upplýsinga- og greiðsluskylda á aðalstjórnnum félaganna.

Nánari upplýsingar um [staðgreiðslu opinberra gjalda](#).

## 10 Launamiðaskil

Samkvæmt lögum nr. 90/2003 skulu allir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa, þar með talið t.d. ökutækjastyrk, húsaleigustyrk og hvers konar önnur fríðindi og hlunnindi, afhenda ríkisskattstjóra ótilkvaddir skýrslu um greiðslur þessar ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, þ.e. launamiða. Sama gildir um greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu.

Upplýsingar á launamiða skulu miðast við tekjur á almanaksárinu, þrátt fyrir að reikningsár félagsins sé annað. Upplýsingaskylda þessi hvílir á aðalstjórnnum íþróttafélaga.

Nánari upplýsingar um [launamiðaskil](#).

## 11 Tryggingagjald

Samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, ber launagreiðanda að inna af hendi sérstakt gjald, tryggingagjald, af heildarlaunum launamanna sinna á tekjuári eða af eigin reiknuðu endurgjaldi. Tryggingagjald er almennt innheimt í staðgreiðslu og skiptist í almennt tryggingagjald og atvinnutryggingagjald. Þar sem líta verður á greiðslur íþróttafélags til íþróttamanns sem launagreiðslur liggur skylda til að greiða tryggingagjald af launum íþróttamanna hjá íþróttafélaginu.

Upplýsinga- og greiðsluskylda þessi hvílir sem fyrr á aðalstjórnnum félaganna.

Nánari upplýsingar um [tryggingagjald](#).

## 12 Skattskylda íþróttamanna og þjálfara

### 12.1 Greiðslur til íþróttamanna og þjálfara

Aðilar starfssambands geta ekki samið sín á milli um skattalega stöðu sína þannig að bindandi sé gagnvart skattyfirvöldum. Þannig skiptir ekki máli hvað þeir kjósa að kalla starfssamband sitt, það er raunveruleg staða starfssambandsins sem skiptir máli og það mat er í höndum skattyfirvalda. Það eru því mörg atriði sem skoða þarf, en heildarmat þeirrar skoðunar ræður niðurstöðunni. Meðal atriða sem þarf að skoða eru:

- Hvor aðila leggur til aðstöðu, efni, tæki og búnað, t.d. æfingaaðstöðu, áhöld og búninga.
- Hvernig er stjórnunarrétti vinnuveitanda háttað, þ.e. að hvaða marki ræður hann hvernig, hvar og hvenær vinnan er unnin af hendi.
- Er aðili skuldbundinn til að inna vinnuna sjálfur af hendi, eða getur hann falið hana öðrum.
- Hver ber fjárhagslega ábyrgð.
- Er aðili háður verkstjórn kaupanda vinnuframlags.
- Hvernig greiðslum er háttað, svo sem hvernig ákvarðast fjárhæð endurgjalds og hvenær skal greitt.
- Hver varanleiki vinnu er, þ.e. hvort um sé að ræða afmarkað tímabundið verkefni eða ekki.
- Hvernig greiðslum iðgjalda vegna slysatryggingar og lífeyrisréttinda er háttað.

#### 12.1.1 Íþróttamenn eru launþegar

Með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum verður vart litið á íþróttamenn sem verktaka hjá íþróttafélagi við íþróttaiðkun enda er sjálfstæði þeirra almennt séð mjög lítið sé litið til framangreindra atriða. Verður almennt að ganga út frá því að íþróttamenn sem þiggja einhverjar greiðslur frá íþróttafélagi eða fyrir milligöngu þess teljist launþegar hjá því í skilningi skattalaga. Sömu sjónarmið koma til skoðunar við mat á því hvort þjálfarar sem þiggja greiðslur frá íþróttafélagi teljist verktakar eða launþegar. Af þeim sökum verður vart, nema í algerum undantekningartilvikum, hægt að líta á þá sem verktaka. Sem dæmi um mögulegt verktakasamband milli þjálfara og íþróttafélags mætti nefna styrktarþjálfara sem e.t.v. starfar fyrir nokkur íþróttafélög og hefur nokkuð frjálsar hendur með vinnutíma o.s.frv. Rétt er að hafa í huga að með þessu er út af fyrir sig ekki verið að kveða á um vinnuréttarlega skipan heldur eingöngu hvernig skattaleg staða aðila er. Til samanburðar má leiða líkur að því að aðili, sem leigir aðstöðu hjá íþróttafélagi til reksturs sölubúðar og ber alla fjárhagslega áhættu af rekstrinum, teljist vera verktaki.

#### 12.1.2 Ólík skattaleg staða launþega og verktaka

Skattaleg staða launþega og verktaka (sjálfstætt starfandi manns) er um margt ólík. Verktakar eru virðisaukaskattsskyldir af þeirri þjónustu þeirra sem fellur undir skattskyldusvið virðisaukaskatts og af vörusölu. Launþegar eru ekki virðisaukaskattsskyldir. Vinni þeir við störf á skattskyldusviði virðisaukaskatts hvílir virðisaukaskattsskyldan af þeirri vinnu á vinnuveitandanum (launagreiðandanum). Verktaka ber sjálfum að standa skil á innheimtum virðisaukaskatti í starfseminni sem og staðgreiðslu opinberra gjalda af verktakalaunum sínum (reiknuðu endurgjaldi).

Skilaskylda staðgreiðslu af launum launþega hvílir á launagreiðandanum. Á sama hátt hvílir skylda til greiðslu tryggingagjalds af launum á verktaka vegna verktakalaun sinna, en á launagreiðanda vegna launa launamanna hans. Nánar er fjallað um staðgreiðslu opinberra gjalda í kafla 9, en um tryggingagjald í kafla 11.

### *12.1.3 Verðlaun til íþróttamanna og félaga*

Verðlaun, sem rekstraraðilar afhenda í formi peningagreiðslu til handa einstökum íþróttamanni eða félagi, eru undanþegin virðisaukaskatti enda komi ekkert endurgjald fyrir, svo sem auglýsing á vöru eða styrktarlínur. Slíkar greiðslur teljast þó til tekjuskattsskyldra tekna einstaklinga ef þær renna til þeirra, sbr. kafli 9.1.

## 12.2 Skattskylda erlendra íþróttamanna

Erlendir íþróttamenn, þjálfarar og leikmenn, eru skattskyldir hér á landi af þeim tekjum sem þeir afla hér. Skattlagning teknanna fer eftir því hvort um er að ræða launagreiðslur eða verktakagreiðslur. Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem reifuð hafa verið í kafla 12.1 verður vart litið á erlendan íþróttamann sem þiggur greiðslur frá íþróttafélagi sem verktaka heldur launamann og sama meginregla gildir um erlendan þjálfara.

Hægt er að hafa samband við alþjóðadeild Skattsins til að fá nánari upplýsingar um skattskyldu erlendra íþróttamanna og þjálfara.

### *12.2.1 Launþegi*

Halda ber eftir staðgreiðslu af staðgreiðsluskyldum launum og öðrum greiðslum, sbr. umfjöllun í kafla 9. Um skatthlutföll fer eftir almennum reglum og á viðkomandi rétt á persónuafslætti þann tíma sem hann dvelur hér á landi. Staðgreiðslu af launatekjum er skilað með sama hætti og staðgreiðslu af launum innlendra aðila.

### *12.2.2 Verktaki*

#### *12.2.2.1 Dvalartími skemmri en 183 dagar á 12 mánaða tímabili*

Greiðslur til erlendra verktaka sem staðsettir eru hér á landi skemur en 183 daga á hverju 12 mánaða tímabili eru skattskyldar hér á landi skv. 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 og ber þeim sem innir greiðsluna af hendi að halda eftir staðgreiðslu og skila henni í ríkissjóð. Skiptir ekki máli hvort viðtakandi greiðslunnar er einstaklingur, félag eða t.d. umboðsmaður. Skatthlutfallið hjá sjálfstætt starfandi verktökum á árinu 2024 er 34,97% (20% tekjuskattur og 14,97% útsvar) en hjá lögaðilum (félög, umboðsmenn) 20%. Þessir aðilar eiga ekki rétt á persónuafslætti og greiða ekki tryggingagjald. Íþróttafélag sem hefur á sínum snærum erlenda verktaka, svo sem þjálfara, eru ábyrgir fyrir því að halda eftir og skila staðgreiðslunni í ríkissjóð. Skil eru rafræn á skilagrein vegna takmarkaðrar skattskyldu, gjaldagi er 1. dagur næsta mánaðar eftir að greiðsla hefur farið fram og eindagi 15. dag sama mánaðar. Notaður er sami veflykill og við skil á annarri staðgreiðslu.

#### *12.2.2.2 Dvalartími lengri en 183 dagar á 12 mánaða tímabili*

Ef litið er á erlendan aðila, sem dvelur hér á landi í lengri tíma en 183 daga á hverju 12 mánaða tímabili, sem verktaka þá gilda um hann sömu reglur og ef um innlendan verktaka væri að ræða.

## 13 Tekjuskráning og bókhald

### 13.1 Tekjuskráning

Tekjuskráning rekstraraðila verður að byggja á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna rétt skattskil og að allar tekjur komi fram. Almenn getur tekjuskráning byggst á útgáfu sölureikninga, gíróseðla, afreikninga, kreditreikninga eða með skráningu í sjóðvél. Ríkisskattstjóri getur þó, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, heimilað notkun á öðru tekjuskráningarkerfi en þeim sem upp hafa verið talin. Óska þarf sérstaklega eftir slíkri heimild hjá Skattinum.

### 13.2 Útgáfa sölureikninga

Skylt er að gefa út sölureikninga fyrir öllum greiðslum sem íþróttafélag innheimtir, svo sem vegna félagsgjalda, æfingagjalda og annarra hugsanlegra greiðslna sem félagsmenn og aðrir inna af hendi til starfseminnar. Í þessu sambandi má nefna sölu á æfingafatnaði, íþróttaskóm o.fl. vörum sem ekki eru seldar í sölubúð félagsins, greiðslur fyrir leigu á íþróttasölum eða annarri aðstöðu til íþróttaiðkunar, heilsuræktar eða hvernar annarrar starfsemi sem þar fer fram án tillits til þess hvort slík leiga ber virðisaukaskatt eða ekki. Afhendingu til starfsmanna skal einnig skrá á sölureikninga.

Mörg íþróttafélög reka verslun og hafa með höndum veitingasölu, sbr. kafla 4.3. Þegar svo ber undir geta þau, í stað þess að gefa út sölureikninga, skráð sölu í sjóðvél jafnskjótt og hún fer fram. Sama gildir um sölu á aðgöngumiðum. Við skráningu í sjóðvél skal aðgreina skattskylda sölu eftir skatthlutföllum.

Nánari upplýsingar um [tekjuskráningu](#).

### 13.3 Bókhald og ársreikningar

Samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald, er íþróttafélag bókhaldsskylt og ber að halda tvíhliða bókhald. Ekki skiptir máli hvort bókhald er handfært eða tölvufært svo fremi að það uppfylli öll öryggisskilyrði. Bókhaldsskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu á skýran og aðgengilegan hátt og semja ársreikning í samræmi við lög og reglur og settar reikningsskilavenjur. Allar greiðslur frá félagsmönnum og öðrum, hverju nafni sem þær nefnast, skulu færast sem tekjur á viðkomandi reikninga í bókhaldi íþróttafélags og öll gjöld félagsins skulu sömuleiðis færast á viðkomandi gjaldareikninga í bókhaldinu.

### 13.4 Aðalstjórnendur íþróttafélaga bera ábyrgð

Ábyrgð á færslu og varðveislu bókhalds og bókhaldsgagna og á upplýsingaskyldu til skattyfirvalda hvílir á aðalstjórnendum íþróttafélags en ekki á stjórnarmönnum einstakra deilda félagsins. Stjórnarmenn einstakra deilda geta þó borið ábyrgð gagnvart aðalstjórn á sama hátt og hver starfsmaður ber ábyrgð á starfi sínu gagnvart yfirboðara sínum.

Nánari upplýsingar um ábyrgð aðalstjórnenda er að finna í kafla 16.

Nánari upplýsingar um [bókhald](#).

## 14 Gjafir – almannaheillaskrá, skattafrádráttur

Rekstraraðilum er heimill frádráttur vegna gjafa til menningarmála, þ.m.t. til íþróttastarfsemi, skv. 2. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 15. – 20. gr. reglugerðar nr. 1300/2021, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Einungis



gjafir og framlög án gagnjalds skapa rétt til skattfrádráttar hjá gefanda að því gefnu að móttakandi greiðslu sé skráður í sérstaka almannaheillaskrá hjá Skattinum. Þannig skapa félagsgjöld til lögaðila eða greiðslur til hans fyrir vörur og þjónustu, svo sem auglýsingar, ekki rétt til skattfrádráttar.

Frá tekjum manna má draga gjafir og framlög til lögaðila sem skráðir eru á almannaheillaskrá Skattsins, sbr. 7. tölul. A liðar 30. gr. laga nr. 90/2003. Skilyrði frádráttar er að lögaðili sé skráður á almannaheillaskrána á því tímamarki sem gjöf er afhent eða framlag er veitt og upplýsingar um fjárhæð fjárframlags hafi verið móttæknar frá viðtakanda til áritunar á skattframtal.

[Listi yfir félög](#) skráð á almannaheillaskrá Skattsins.

#### 14.1 Fjárhæðir frádráttar

Frádráttur rekstraraðila getur numið allt að 1,5% af rekstrartekjum á því ári sem gjöf er afhent eða framlag er veitt. Frádráttur einstaklinga getur verið á bilinu 10 - 350 þús. kr. á almanaksári, hjóna og sambúðarfólks alls 700 þús. kr. og kemur til lækkunar á útsvars- og tekjuskattstofni en er ekki millifæranlegur og ber því að halda framlögum hvers einstaklings aðgreindum.

#### 14.2 Kvittanir vegna móttöku og skil til Skattsins

Móttakendur gjafa og framlaga, sem skráðir eru á sérstaka almannaheillaskrá, þurfa að gefa út kvittun við móttöku þar sem m.a. kemur fram nafn og kennitala gefanda og fjárhæð framlags. Að almanaksári loknu þarf móttakandi að taka saman upplýsingar um heildarfjárhæð gjafa og framlaga hvers gefanda fyrir hvert almanaksár og skila þessum upplýsingum til Skattsins samhliða öðrum árlegum gagnaskilum fyrir 20. janúar ár hvert, sbr. kafli 10. Á grundvelli gagnaskilanna verður frádráttur áritaður á framtal gefanda.

#### 14.3 Móttakandi þarf að vera skráður á almannaheillaskrá

Skilyrði fyrir frádrætti hjá gefendum er að móttakandi sé skráður á almannaheillaskrá á því tímamarki sem gjöf er afhent eða framlag veitt og gildir frádráttarheimildin um framlög sem berast frá og með þeim degi sem sótt var um skráningu á almannaheillaskrána.

Nánari upplýsingar um [skattafrádrátt vegna gjafa/framlaga til almannaheillafélaga](#).

Nánari upplýsingar um [skattafrádrátt einstaklinga vegna gjafa/framlaga til almannaheillafélaga](#).

### 15 Sjálfstæði einstakra deilda innan íþróttafélaga

Í skattalegu tilliti er íþróttafélag ein lögpersóna, þ.e. einn skattaðili. Breytir engu þar um þótt íþróttafélag deildaskipti starfsemi sinni í samræmi við félagslög sín, skipurit eða með öðrum hætti. Einstakar deildir íþróttafélags eru ekki til þess bærar að bera sjálfstætt skattalegar skyldur eða njóta sjálfstætt skattalegra réttinda. Félagið sjálft ber fulla ábyrgð á skattalegum skuldbindingum deilda sinna.

### 15.1 Virðisaukaskattsskil félagsins í heild fara fram í nafni félags en ekki einstakrar deildar

Fari virðisaukaskattsskyld starfsemi fram innan einstakrar deildar íþróttafélags hvílir á félaginu, en ekki deildinni einni, skylda til að tilkynna starfsemina til skráningar á virðisaukaskattsskrá. Virðisaukaskattsskil félagsins í heild, þ.m.t. allra deilda þess, skal fara fram í nafni félagsins og á kennitölu þess. Ríkisskattstjóri getur heimilað að félagið skili sér skýrslum fyrir einstakar deildir eða aðrar rekstrareiningar. Allar skýrslur væru þá á nafni og kennitölu félagsins en sér virðisaukaskattsnúmer yrði fyrir hverja rekstrareiningu.

### 15.2 Skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi fara fram í nafni félags en ekki einstakrar deildar

Skil á staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjaldi skulu fara fram á nafni og kennitölu íþróttafélags vegna allra launagreiðslna þess, þ.m.t. launagreiðslna sem falla til í rekstri einstakra deilda félagsins.

## 16 Ábyrgð íþróttafélaga og stjórnenda þeirra

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar íþróttafélaga bera ábyrgð á framtals- og skýrsluskilum félaganna til skatts. Verði uppvíst um brot á skattalögum geta bæði viðkomandi íþróttafélag og forsvarsmenn þeirra sætt refsíábyrgð.

### 16.1 Raunverulegur eigandi íþróttafélags

Íþróttafélagi ber að tilkynna um raunverulega eigendur þess. Raunverulegur eigandi er alltaf einstaklingur, einn eða fleiri, og er sá sem í raun á starfsemi eða stýrir íþróttafélagi með beinum eða óbeinum hætti. Verði breytingar á áður skráðum upplýsingum um raunverulega eigendur ber að tilkynna þær til fyrirtækjaskrár innan tveggja vikna frá breytingu.

Nánari upplýsingar um [skráningu raunverulegra eigenda](#).